

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	R L S	
Skýrslu gerir 9813 Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	IV /53.1	
Staður og stund: Laugardagur 4. júní 2005 kl. 10:00 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík			
Sakarefni: Rannsókn á ætluðum brotum forráðam. Baugs hf. og skyldra félaga – Vöruveltan hf./Litla fasteignafélagið ehf.			
Vitni: Grétar Haraldsson	Kennitala: 060335-7299		
Starf/staða:	Vinnusími:		
Lögheimili: Dynskógum 5, 109 Reykjavík	Sími: 557 3703/694 3704		
Dvalarstaður:	Sími:		

Grétar Haraldsson er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu Ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun. Honum er kunnert um tilefni yfirheyrslunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og skyldra félaga í tengslum við kaup hlutafjár í Vöruveltunni hf. á árunum 1998 og 1999. Enn fremur er til rannsóknar ætluð refsiverð háttsemi er lýtur að kaupum og sölu fasteigna til og frá Litla fasteignafélaginu ehf. á árunum 1998 og 1999.

Grétar nýtur réttarstöðu vitnis við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafði hann aðkomu að kaupsamningi sem Jón Ásgeir Jóhannesson gerði við hjónin Helgu Gísladóttur og Eirík Sigurðsson um kaup alls hlutafjár í Vöruveltunni hf., dags. 7. október 1998. Enn fremur liggja fyrir upplýsingar um að Grétar hafi verið einn af stofnendum Litla fasteignafélagsins ehf., en fasteignir Vöruveltunnar hf. voru keyptar eða runnu til þess félags.

Grétari er kunngerð vitnaskyldan um að öllum sé skylt að mæta fyrir dóm í opinberu máli séu þeir til þess kvaddir, sbr. 1. mgr. 49. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Grétari er kunngerð vitnaábyrgðin sem er sú siðferðislega ábyrgð og refsíábyrgð sem hann kunnir að baka sér með vísitandi eða gáleysislega röngum framburði í skýrslu hjá lögreglu, sbr. 1. mgr. 59. gr. sömu laga. Grétari er kunnert að honum sé óskylt að svara spurningu að viðlagðri vitnaábyrgð ef ætla má að svar við henni feli í sér játningu eða hlutdeild hans eða venslamanna hans í refsiverðri háttsemi, sbr. 51. gr. laga nr. 19/1991. Enn fremur er brýnt fyrir Grétari að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunnir að skipta.

Aðspurður segir Grétar að hann skilji tilefni yfirheyrslunnar og þau ákvæði réttarfarslaga er honum hafa verið gjörð kunn.

Yfirheyrslan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Grétar og svör hans við þeim bókuð eftir honum í óbeinni ræðu.

Vöruveltan hf. – kaup á hlutabréfum**Kaupsamningur, dags. 7. október 1998**

Grétari er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. kt. 511091-1369, að nafnvirði 4.600.000,- króna, dags. 7. október 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu seljandi, Helga Gísladóttir kt. 170857-2089 fyrir sína hönd og/eða hlutafélags sem eigenda 100% hlutafjár í Vöruveltunni hf. og umboðsmaður kaupanda, Jón Ásgeir Jóhannesson kt. 270168-4509, með sér samning um kaup á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. Kaupsamningurinn er undirritaður af Helgu Gísladóttur, Eiríki Sigurðssyni og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og vottaður af Grétari Haraldssyni kt. 060335-7299, hæstaréttarlögmanni og Ragnari Tómassyni kt. 300139-7019, lögmanni. Umsamið kaupverð alls hlutafjárins var sagt vera kr. 1.150.000.000,- og skyldi greiðast eftirfarandi:

- Skjal málsins nr. II/50.2

1. Hinn 8. október 1998	kr.	200.000.000,-
2. Hinn 5. nóvember 1998	kr.	800.000.000,-
3. Með vixli pr. 1. 3. 1999 (verðbætur gerðar upp sér)	kr.	150.000.000,-

	Kr.	1.150.000.000,-

Grétar er beðinn að gera grein fyrir þessum samningi; fyrir hvað samningurinn hafi staðið og hvort hann hafi komið til efnda.

Grétar segir að hann kannist við þennan samning, en hann hafi verið grundvöllur að samningi milli Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar við Jón Ásgeir Jóhannesson um kaup á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. Grétar segir að hann hafi tekið að sér fyrir hönd Eiríks að gerast milligöngumaður um gerð þessa samnings. Grétar segir að kaupandi hafi tekið á sig ábyrgð á síðari útfærslu sem kynni að koma upp þegar kaupin yrðu kynnt íslenskum samkeppnisyfirlöndum. Grétar segir að þessi samningur hafi verið efndur af hálfu kaupanda; 200 milljónirnar hafi verið greiddar í kjölfar undirritun samningsins, 800 milljónirnar hafi verið greiddar í Íslandsbanka að Kirkjusandi og víxillinn hafi síðan verið greiddur ásamt vöxtum. Grétar segir að samkvæmt því sem hann best muni hafi víxillinn verið afhentur um leið og 800 milljónirnar hafi verið greiddar í Íslandsbanka. Grétar segir að andvirði víxilsins hafi síðan verið greitt í hlutabréfum.

Grétar segir enn fremur að samkvæmt því sem hann best muni hafi hann eftir að kaupsamningur var gerður látið prenta hlutabréf Vöruveltunnar hf., að nafnverði 4,6 milljónir króna og Helga afhent bankanum þegar síðari greiðslur fóru fram.

Aðspurður segir að Grétar að þessi samningur hafi verið við Jón Ásgeir Jóhannesson sem umboðsmann, en Jón Ásgeir hafi aldrei gefið upp fyrir hvern hann væri umboðsmaður. Grétar segir að hann hafi að mestu átt samskipti við Ragnar Tómasson, lögmann, við gerð þessa samnings, en hann hafi komið fram fyrir hönd Jóns Ásgeirs. Grétar segir að öll samskipti sem átt hafi sér stað eftir gerð þessa samnings vegna Vöruveltunnar hf. hafi verið að frumkvæði Jóns Ásgeirs og Tryggva Jónssonar. Grétar segir hins vegar að Tryggvi hafi ekki komið að gerð þessa samnings.

Grétar er spurður hvort að kr. 1.150.000.000 hafi verið endanlegt söluverð Vöruveltunnar hf.

Grétar segir að Jón Ásgeir og Eiríkur hafi síðar gert samning um að Eiríkur fengi hlutabréf að nafnverði 10 milljónir króna í Baugi hf., en með þeim samningi hafi söluverð til Helgu hækkað um það sem því nam. Grétar segir að hann hafi ekki haft milligöngu um gerð þess samnings, en hann hafi verði að frumkvæði Jóns Ásgeirs. Aðspurður segir Grétar að hann viti ekki nákvæmlega hvers vegna sá samningur hafi verið gerður, en nokkrar ástæður hafi verið nefndar í því sambandi, þ. á m. að Eiríkur og Jón Ásgeir hafi samið um það sín á milli að Vöruveltan færi í útrás og flytti inn vörur frá Kanada og

Eiríkur mundi hlutast til þá útrás. Enn fremur hafi verið nefndar ástæður sem rekja megi til þess að þessi kaup á Vöruveltunni hf. hafi valdið þeim hjónum nokkrum óþægindum og hafi því þessi viðbótargreiðsla komið til.

Grétar er spurður hvort hann viti hvernig kaupandi hafi fjármagnað þennan samning.

Grétar segir að hann hafi ekki haft vitneskju um það.

Greiðsla á kr. 800.000.000, sem fara átti fram 5. nóvember 1998 en fór fram 16. nóvember s. á.

Grétari er sýnt afrit af lánabeiðnum Fjárfars og Eiríks Sigurðssonar hjá Íslandsbanka vegna kaupa á hlutum í Vöruveltunni, dags. 16. nóvember 1998; afrit af tveimur lánstilboðum að fjárhæð kr. 451.000.000 vegna lánasamninga Fjárfars ehf. og Íslandsbanka hf., dags. 16. nóvember 1998; afrit af lánasamningi milli Íslandsbanka hf. og Fjárfars ehf. vegna láns að fjárhæð kr. 451.000.000, dags. 16. nóvember 1998; afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998; afrit af samþykki stjórnar Vöruveltunnar fyrir veðsetningu hlutabréfa, dags. 16. nóvember 1998 og vottuð af Grétari Haraldssyni og Ragnari Tómassyni; afrit af úttektarnótum Íslandsbanka vegna úttekta á kr. 351.777.778 og kr. 450.000.000, dags. 16. nóvember 1998 og afrit af innlagnar- og úttektarnótu Íslandsbanka hf. vegna úttekta á kr. 77.000.000 vegna Vöruveltunnar hf., dags. 3. desember 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.5.1, II/50.5.2, II/50.5.3, II/50.5.4, II/50.5.5, II/50.5.6 og II/50.5.7

Grunur er um að greiðslur vegna kr. 800.000.000, sem fara áttu fram 5. nóvember 1998, hafi átt sér stað í tvennu lagi 16. nóvember 1998 og hafi afhending félagsins að sama skapi dregist til þess tíma. Í fyrsta lagi voru kr. 351.777.778 greiddar inn á reikning Helgu Gísladóttur nr. 515-26-404848, en greiðslan samanstendur af innborgun að fjárhæð kr. 350.000.000 og vaxtagreiðslu að fjárhæð kr. 1.777.778. Grunur er um að þetta hafi verið fjármagnað með svokölluð brúarláni Eiríks Sigurðssonar og Helgu Gísladóttur að fjárhæð kr. 350.000.000 þar til búið væri að selja 35 % eignarhlut í félaginu, sem síðar var seldur til Eignarhaldfélagsins Alþýðubankans o. fl. Í öðru lagi voru kr. 450.000.000 innborgaðar á reikning í eigu Helgu nr. 515-26-404848. Grunur er um sú greiðsla hafi verið fjármögnuð með sölu á 35 % eignarhluta í Vöruveltunni til Fjárfars ehf. samkvæmt sérstökum samningi.

Grétar er spurður hvort hann þekki til þessa máls.

Grétar segir að hann þekki ekki til þessa máls að öðru leyti en því að þetta hafi alfarið verið milli Jóns Ásgeirs og Íslandsbanka. Grétar segir að hann hafi enga milligöngu haft um þetta og að þau Helga og Eiríkur hafi enga aðkomu haft að þessu, að öðru leyti en því að þau hafi hugsanlega verið fengin til að rita undir þessa pappíra.

Greiðsla á fjárhæð kr. 350.000.000 – fjármagnað með samningi, dags. 10. nóvember 1998 – sala 40 % til stofnfjárfesta
Grétari er sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu Íslandsbanki annars vegar og Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðssonar sem eigendur að öllu hlutafé í Vöruveltunni hf., sem þá rak verslanir undir heitinu 10-11, samning um að selja allt að 75 % eignarhlut í félaginu. Enn fremur kom fram að stefnt yrði að selja eftirstandandi 25 % eignarhlut á komandi árum. Í samningnum kom fram að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Samkvæmt samningnum var gengið út frá því að heildarverðmæti félagsins næmi um kr. 1.400.000.000 [35 % hlutur samsvarar kr. 490.000.000]. Samkvæmt samningnum tók Íslandsbanki að sér fyrir hönd seljenda að ráðstafa eftirstandandi 40 % eignarhluta með þeim hætti að leita kaupenda í hópi fagfjárfesta fyrir um það bil 35 % og þá miðað við heildarverðmæti kr. 1.400.000.000 [35 % hlutur samsvarar 490.000.000]. Enn

fremur kom fram að sá 5 % eignarhlutur, sem eftir stóð, skyldi seldur við skráningu félagsins á Verðbréfaþingi Íslands [5 % eignahlutur samsvarar kr. 57.500.000, þ. e. miðað við heildarverðmæti kr. 1.150.000.000].

- Skjal málsins nr. II/50.7

Grétari er sérstaklega sýnt afrit af útprentun frá Íslandsbanka með yfirskriftinni „Uppgjör v/sölu á 40% eignarhlut í Vöruveltunni hf. sbr. samning milli aðila frá 10. nóvember 1998“, dags. í Reykjavík 4. desember 1998. Samkvæmt umræddu skjali hefur greiðsla að fjárhæð kr. 350.000.000 verið fjármögnuð með bráðabirgðaláni að fjárhæð kr. 351.777.778 þeirra Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar, sbr. skjal málsins nr. II/50.5.1 (bls. 2 og 3), en umrædd 40 % hafi síðan verið seld til stofnfjárfesta og í dreifðri sölu fyrir heildarandvirði 547.500.000 (35 % hlutur á kr. 490.000.000).

- Skjal málsins nr. II/50.7.1 og II/50.5.1

Gréatar er spurður hvort hann þekki til þessa samnings frá 10. nóvember 1998.

Gréatar segir að þessi samningur sé byggður á samkomulagi milli Jóns Ásgeirs og Íslandsbanka hf. og að þau Eiríkur og Helga hafi verið fengin til að koma fram líkt og þau væru enn eigendur Vöruveltunnar hf. og því ritað undir pappíra þar að lútandi. Gréatar segir að tilgangur þessa samnings hafi verið sá að standa skil á 800 milljónum króna greiðslu til Helgu og Eiríks. Gréatar segir að hann hafi enga aðkomu haft að gerð þessa samnings.

Greiðsla á fjárhæð kr. 450.000.000 – fjármagnað með samningi, dags. 10. nóvember 1998 – sala 35 % til Fjárfars ehf.
Grétari er enn sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Sem áður segir kemur fram í samningum að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Fyrir liggur að þessi 35 % hluti var seldur til Fjárfars ehf. Kaupverð til Fjárfars var kr. 450.000.000.

- Skjal málsins nr. II/50.7

Grétari er sérstaklega sýnt afrit af lánstilboði að fjárhæð kr. 451.000.000 vegna lánasamninga Fjárfars ehf. og Íslandsbanka hf., dags. 16. nóvember 1998; afrit af lánasamningi milli Íslandsbanka hf. og Fjárfars ehf. vegna láns að fjárhæð kr. 451.000.000, dags. 16. nóvember 1998; afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998 og afrit af samþykki stjórnar Vöruveltunnar fyrir veðsetningu hlutabréfa, dags. 16. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum gögnum var 60 % hlutafjár í Vöruveltunni hf. sett sem trygging fyrir láninu, þ. e. 35 % hlutur Fjárfars ehf. og 25 % hlutur Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar.

- Skjal málsins nr. II/50.5.2, II/50.5.3, II/50.5.4, II/50.5.5 og II/50.5.6

Gréatar er spurður hvort hann þekki til þessarar lánveitingar Fjárfars ehf.

Gréatar segir að hann þekki til hennar, en tilgangur hennar hafi verið af sama toga og brúarlán Eiríks og Helgu, þ. e. að standa skil á 800 milljón króna greiðslu til þeirra hjóna.

Gréatar er spurður hvort hann þekki til þessa félags, Fjárfars ehf.

Gréatar segir að hann þekki nokkuð til þess félags og einhvern tímann hafi hann þurft að eiga samskipti við Tryggva Jónsson og Sigfús Sigfússon vegna aðkomu Litla fasteignafélagsins ehf. Gréatar segir að Sigfús hafi ekkert viljað af þessu félagi vitað og svarið af sér alla aðkomu að því. Gréatar segir að honum vitanlega hafi þau Helga og Eiríkur aldrei komið nálægt rekstri eða eignarhaldi á Fjárfari, en svo kunni að vera að Helga hafi einhvern tímann verið fengin til að sitja í stjórn félagsins, en það hafi verið til málamynda.

Grétar er spurður hvort hann viti til þess að Íslandsbanka hafi verið kunnugt um samning Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar annars vegar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar hins vegar um kaup alls hlutafjár í Vöruveltunni hf., dags. 7. október 1998.

Grétar segir að hann sé sannfærður um að æðstu stjórnendur Íslandsbanka hafi haft vitneskju um samninginn frá 7. október 1998. Grétar segir enn fremur að hann sé sannfærður um að Íslandsbanki hafi haft vitneskju um að þeir hafi í raun verið í viðskiptum við Jón Ásgeir en ekki Helgu og Eirík.

Grétar er spurður hvort hann hafi átt samskipti við einhverja hjá Íslandsbanka vegna þessa máls.

Grétar segir að hann hafi hitt þá Björn Björnsson og Guðmund Tómasson á fundum í bankanum vegna þessa máls, þá með Eiríki og Helgu. Grétar segir að samkvæmt því sem hann best muni hafi Tryggvi Jónsson verið á þeim fundum. Grétar segir enn fremur að enginn vafi hafi verið á því að þau Helga og Eiríkur hafi aldrei mætt eða komið fram sem raunverulegir eigendur Vöruveltunnar hf. gagnvart Íslandsbanka. Grétar segir að af þeim augljósu ástæðum hafi æðstu stjórnendum bankans verið kunnugt um samninginn frá 7. október 1998 og að raunverulegur eigandi hafi verið Jón Ásgeir.

Kaupsamningur, dags. 21. maí 1999, ásamt fylgigögnum

Grétari er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa Baugs hf. á 70 % hlutabréfa í Vöruveltunni hf., samtals að nafnvirði 210.000.000 króna, dags. 21. maí 1999. Samkvæmt umræddum samningi seldi Helga Gísladóttir 25 % eignarhlut sinn í Vöruveltunni hf. til Baugs hf. og Fjárfar ehf. þar af leiðandi 45 % eignarhlut sinn. Samkvæmt samningnum var kaupverðið kr. 447.000.000, en þar af átti að greiða kr. 65.000.000 með hlutabréfum í Baugi að nafnvirði. Samningurinn er undirritaður af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni f. h. stjórnar Baugs hf.; Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni, en samningurinn er óundirritaður f. h. Fjárfars ehf. Samningurinn er vottaður af Grétari Haraldssyni. Samkvæmt kaupsamningnum skyldi kaupverð greiddast með eftirfarandi hætti:

- Skjal málsins nr. II/50.9

a) Við undirritun kaupsamnings	kr.	225.000.000,-
b) Við undirritun kaupsamnings með skuldabréfi	kr.	162.000.000,-
c) Hinn 1. júlí afhendir kaupandi seljanda hlutabréf í sjálfum sér að nv.	kr.	65.000.000,-

	Kr.	447.000.000,-

Grétar er beðinn að gera grein fyrir þessum kaupsamningi.

Grétar segir að hann muni óglöggft eftir þessum samningi. Grétar segir þó að hann telji að þriðja blaðsíða samningsins hafi verið samin af sér, en blaðsíður eitt og tvö samdar af Jóni Ásgeiri eða einhverjum á hans vegum. Grétar segir að hann telji að þessi samningur hafi snúist um að íslensk samkeppnisyfirvöld hafi á þessum tíma verið búin að samþykka að Baugur hf. yrði eigandi Vöruveltunnar hf. Grétar segir að þau atriði sem um er getið í samningnum á blaðsíðu þrjú hafi verið það sem Eiríkur og Jón Ásgeir hafi samið um eftir að samningurinn 7. október 1998 var gerður. Grétar segir að hann geti fullyrt um að Helga og Eiríkur hafi ekki fengið greitt samkvæmt þessum samningi.

Grétar segir aðspurður að öll samskipti vegna þessa samnings hafi verið við Jón Ásgeir. Grétar segir að á síðari stigum hafi Tryggvi Jónsson haft aðkomu að þessu máli, en það hafi snúist um hvernig ljúka ætti skattauppgjöri vegna upphaflega samningsins og þess raunverulega.

Sölusamningur, dags. 5. júní 1999, ásamt fylgigögnum

Grétari er sýnt afrit af sölusamningi Helgu Gísladóttur vegna sölu og afsals á 25 % hlutafjäreignar í Vöruveltunni hf. til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, dags. 5. júní 1999 – kaupverð kr. 297.500.000. Sölusamningurinn er undirritaður af Helgu Gísladóttur, Eiríki Sigurðssyni og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og vottaður af Grétari Haraldssyni. Samkvæmt tédum samningi hefur Jón Ásgeir Jóhannesson keypt 25 % hlutafé í Vöruveltunni hf. Kaupverðið er sagt kr. 297.500.000 og átti að greiðast með eftirfarandi hætti:

- Skjal málsins nr. II/50.15

1. Kaupandi hefur þegar greitt með peningum	kr.	287.500.000.00
2. Kaupandi greiðir með hlutabréfum í Baugi h. f. að nafnvirði kr. 5.000.000.00. Bréfin afhendast seljanda þegar Apótekið eign Gaums hf. hefur verið metið inn í Baug h. f. (ágúst 1999)	"	5.000.000.00
3. Kaupandi greiðir með hlutabréfum í Baugi h. f. að nafnvirði kr. 5.000.000.00. Bréfin afhendast seljanda í október 2000	"	5.000.000.00
	<u>Samtals kr.</u>	<u>297.000.000.00</u>

Grétar er beðinn að gera grein fyrir þessum samningi.

G. kt. Grétar segir að hann hafi haft milligöngu um gerð þessa samnings. Þessi samningur hafi snúist um að ljúka uppgjöri milli Helgu og Eiríks við Jón Ásgeir, sem hafist hafi með samningi 7. október 1998. Grétar segir að Eiríkur og Jón Ásgeir hafi samið sérstaklega um þetta og hafi þessi samningur átt að tryggja Eiríki og Helgu hækkun á söluverði Vöruveltunnar hf. um markaðsandvirði hlutabréfa í Baugi hf. að nafnvirði 10 milljónir króna, en á þessum tíma hafi þau Helga þegar verið búin að fá greiddar 287 milljónir í uppgjöri á 800 milljón króna greiðslunni. Grétar segir að ástæðan fyrir þessum samningi hafi verið samningsatriði milli Eiríks og Jóns Ásgeirs sem meðal annars hafi snúist um að Eiríkur tæki að sér að sjá um útrás Vöruveltunnar hf. í útlöndum. Grétar segir að hann viti ekki betur en staðið hafi verið við þennan samning af hálfu kaupanda.

Samstarfs- og sölusamningur, dags. 5. júní 1999

Grétari er sýnt afrit af samstarfs- og sölusamningi milli Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar annars vegar og Baugs hf. hins vegar, dags. 5. júní 1999. Umræddur samningur fól í sér að Helga Gísladóttir seldi Baugi hf. 50 % af hlutafjäreign sinni í Veltunni ehf. fyrir hlutabréf í Baugi hf. að nafnvirði kr. 10.000.000. Samningurinn er vottaður af Grétari Haraldssyni. Umrætt samstarf mun hafa átt sér stoð í 9. gr. kaupsamnings, dags. 21. maí 1999, um kaup Baugs hf. á 70 % hlutafjár í Vöruveltunni af Helgu Gísladóttur og Fjárfari ehf., en þar segir eftirfarandi:

- Skjal málsins nr. II/50.16 og II/50.9

Helga Gísladóttir og Baugur munu í sameiningu stofna félag með 5 millj. kr. hlutafé sem þau mun [svo] eiga að jöfnu sem hefur það að markmiði að vinna að því að stofna og starfrækja verlanir undir nafninu 10-11 erlendis. Unnið er að skráningu firmanafnsins í Evróðu [svo], Kanada og Bandaríkjunum og telst sú skráning eign hins nýja sameiginlega félags án sérstaks endurgjalds af hálfu Baugs, en ógreiddur kostnaður vegna skráningarinnar greiðir nýja félagið.

Grétar er beðinn að gera grein fyrir þessum samningi.

Grétar segir að hann hafi átt milligöngu um gerð þessa samnings. Grétar segir að Eiríkur Sigurðsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi samið sín á milli um þessi atriði, en aðallega hafi þetta snúist um vörumerki

G.H. 10-11 í útlöndum. Grétar segir að hann viti ekki betur en að þessi samningur hafi verið efndur, þ. e. að þau hjónin hafi fengið hlutabréf í Baugi hf. fyrir þennan samning. Grétar segir að eftir því sem hann best viti hafi þó lítið verið gert með vörumerki 10-11 í útlöndum og um leið Veltuna ehf., en þó viti hann til þess að Eiríkur hafi að minnsta kosti einu sinni farið til útlanda í tengslum við þetta mál.

Grétar segir aðspurður að þessi samningur hafi verið óskyldur samningi um kaup og sölu alls hlutafjár Vöruveltunnar hf. og hafi ekki verið liður í söluverði félagsins.

Litla fasteignafélagið ehf. – kaup og sala á fasteignum

Grétar er beðinn að gera grein fyrir stofnun Litla fasteignafélagsins ehf.

Grétar segir að Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi viljað stofnað félag um rekstur fasteigna Vöruveltunnar hf. og af því tilefni viljað fá hann til að vera í fyrirsvari fyrir félagið og um leið koma fram líkt og þeir hefðu enga aðkomu að félaginu. Grétar segir að ástæða þessa hafi verið að þeir Tryggvi og Jón Ásgeir hafi ekki viljað upplýsa um eignarhald Vöruveltunnar hf. á þessum tíma og að sama skapi ekki þessa fyrirhugaða félags. Grétar segir að hann hafi fallist á að koma fram líkt og hann væri raunverulegur eigandi þessa félags og í framhaldi hafi Litla fasteignafélagið ehf. verið stofnað. Grétar segir að hann hafi enn fremur fengið sambýliskonu sína, Sólveigu Theodórsdóttur, til að koma fram sem eigandi Litla fasteignafélagsins, en hún hafi hins vegar á engan hátt haft aðkomu að þessu félagi nema að nafninu til. Grétar segir að hann hafi fallist á þetta í þeirri von að fá einverja vinnu út á félagið. Grétar segir að fljótlega hafi verið ákveðið að rita undir skjal þess efnis að þeir Tryggvi og Jón Ásgeir, eða einhver á þeirra vegum, væru raunverulegir eigendur þessa félags, en það skjal hafi þó aldrei verið uppi á borðinu.

Grétar segir að fljótlega eftir stofnun Litla fasteignafélagsins ehf. hafi hann gert samninga við Lýsingu um yfirtöku fjármögnunarleigusamninga vegna nokkurra fasteigna, sem áður höfðu verið í eigu Vöruveltunnar hf. Grétar segir enn fremur að félagið hafi keypt húsnæði að Engihjalla í Kópavogi af félagi í eigu Róberts Árna Hreiðarssonar, lögmanns.

Grétar segir að fljótlega eftir stofnun félagsins hafi Tryggvi Jónsson ráðið framkvæmdastjóra hjá félaginu, Runólf nokkurn, en hann hafi verið smiður sem átt hafi sjá um viðhald fasteignanna. Grétar segir að eftir ráðningu Runólfs hafi þeir að mestu séð um að reka félagið.

Grétar segir að nokkrum mánuðum eftir að Litla fasteignafélagið ehf. var stofnað, líklega um vorið 1999, hafi einhver stúlka kvatt dyra á heimili hans og beðið hann um að afhenda alla pappíra varðandi Litla fasteignafélagið. Grétar segir að þessi stúlka hafi sagt vera komin fyrir hönd Tryggva Jónssonar, sem þá hafi verið staddur í útlöndum. Grétar segir að hann hafi orðið lítt hrifinn af þessu og ekki afhent umrædda pappíra. Grétar segir að nokkrum dögum síðar hafi Tryggvi hringt í hann og viljað að þeir hittust vegna þessa máls. Grétar segir að í framhaldi af því hafi hann hitt Tryggva og afhent honum alla pappíra vegna Litla fasteignafélagsins og þar með hafi hans afskiptum af félaginu lokið. Grétar segir að með þessu hafi Litla fasteignafélagið ehf. í raun verið tekið af honum.

Grétar segir aðspurður að mestmegnis hafi hans samskipti vegna Litla fasteignafélagsins ehf. verið við Tryggva Jónsson. Aðspurður segir Grétar að hann eigi ekki áður umrætt skjal þess efnis að Tryggi og Jón Ásgeir væru raunverulegir eigendur Litla fasteignafélagsins, en það hafi líklega fylgt pappírur Litla fasteignafélagsins.

Aðspurður segir Grétar að ekki hafi verið búið að færa bókhald þegar félagið var tekið af honum.

Gögn frá hlutafélagaskrá um Litla fasteignafélagið ehf.

Grétari er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar o. fl. í Litla fasteignafélaginu ehf. Umrædd samantekt er byggð á gögnum er Ríkislögreglustjórinn aflaði hjá hlutafélagaskrá. Samkvæmt umræddum gögnum virðast þau Grétar Haraldsson og Sólveig Theodórsdóttir hafa stofnað einkahlutafélagið Litla fasteignafélagið ehf. 10. desember 1998. Samkvæmt umræddum gögnum virðist Grétar Haraldsson hafa við stofnun félagsins tekið sæti í stjórn félagsins og Sólveig Theodórsdóttir í varastjórn þess. Endurskoðun félagsins við stofnun er sögð í höndum KPMG Endurskoðunar hf. og ritar Aðalsteinn Hákonarson fyrir því. Aðalstarfsemi félagsins er sögð eign og rekstur fasteigna. Samkvæmt samantektinni er Grétar sagður hafa setið í stjórn félagsins til 20. maí 1999.

- Skjöl málsins nr. II/25.7.0 og 25.7.1 til 25.7.12

Grétar er spurður hvort þessar upplýsingar séu réttar.

Grétar segir að hann telji þetta réttar upplýsingar og í samræmi við það sem hann hafi áður sagt.

Grétari er sýnt afrit af tilkynningu til hlutafélagaskrár um breytingu á heimilisfangi Litla fasteignafélagsins ehf. og á skipan stjórnar félagsins, dags. 20. maí 1999. Samkvæmt umræddri tilkynningu hafa tekið sæti í stjórn 20. maí 1999 Tryggvi Jónsson, stjórnarformaður, Linda Jóhannsdóttir, varamaður og Runólfur Runólfsson ráðinn framkvæmdastjóri.

- Skjal málsins nr. II/50.7.7

Grétar er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Grétar segir að þetta séu réttar upplýsingar, en þetta hafi gerst í framhaldi af því að félagið hafi verið tekið af honum.

Grétar er spurður hver hafi greitt hlutfé Litla fasteignafélagsins ehf. við stofnun þess.

Grétar segir að hann viti það ekki, alltént hafi hann ekki greitt það.

Grétar er spurður hvort eitthvað fjárhagslegt uppgjör gagnvart honum þegar félagið var tekið af honum.

Grétar segir að ekkert slíkt uppgjör hafi farið fram.

Grétari er sýnt afrit af kvittun um að Gaumur hf. hafi greitt Sólveigu Theodórsdóttur og Grétari Haraldssyni andvirði hlutfjáreignar í Litla fasteignafélaginu ehf., dags. 31. desember 1999. Samkvæmt téðu skjali hefur Gaumur hf. greitt þeim Grétari og Sólveigu kr. 500.000 fyrir hlutfé Litla fasteignafélagsins ehf.

- Skjal málsins nr. II/50.26.1

Grétar er beðinn að gera grein fyrir þessu skjali.

Grétar segir að hann muni ekki eftir þessu skjali, en það sé dagsett löngu eftir að hann hafi hætt afskiptum af félaginu. Grétar segir að þetta sé líklegast það skjal sem hann hafi vísað áður í; þess efnis að Tryggi og Jón Ásgeir væru raunverulegir eigendur Litla fasteignafélagsins. Grétar segir að hann hafi aldrei fengið greitt samkvæmt þessu og hafi þetta skjal aðeins verið útbúið til málamynda.

Ársreikningur Litla fasteignafélagsins ehf. 1998

Grétari er sýndur afritaður ársreikningur Litla fasteignafélagsins ehf. vegna 1998. Samkvæmt téðum ársreikningi, sem áritaður er fyrirvaralausri áritun af hálfu Aðalsteins Hákonarsonar, endurskoðanda og undirritaður er af Grétari Haraldssyni fyrir hönd stjórnar félagsins, dags. 3. ágúst 1999. Samkvæmt ársreikningnum nam tap af rekstri félagsins, tímabilið nóv.-des. 1998 2,6 milljón kr. og eigið fé félagsins var í árslok neikvætt um 2,1 milljón kr. Einu rekstrartekjur félagsins voru húsaleigutekjur og eignir námu í árslok 378 milljónum kr., en þar af voru fasteignir og lóðir 374 milljónir kr. Umræddar eignir er sagðar eftirfarandi: Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporharmar 3, Langirimi 21-23, Grímsbær og Engihjalli 8.

- Skjal málsins nr. II/50.19.1

Grétar er beðinn að gera grein fyrir öllum þeim fasteignum sem Litla fasteignafélagið virðist þarna hafa eignast; hvaðan þessar eignir hafi komið; hvernig viðskiptin hafi farið fram; hvort kaupsamningar hafi verið gerðir, hvernig kaupverð hafi verið ákvarðað og hvernig fasteignirnar hafi verið verðmetnar.

Grétar segir að hann vilji taka sérstaklega fram að hann telji undirritun sína nokkuð undarlega á afriti ársreikningsins, en í ágúst 1999 hafi hann verið kominn út úr stjórn félagsins. Grétar segir að hann þyrfti

að sjá frumritið til að geta metið það hvort þessi undirritun sé í raun hans, þó að vísu þetta sýnist vera hans stafagerð. Grétar segir að hann muni ekki eftir því að hafa verið beðinn að rita undir þennan ársreikning.

Grétar segir að allar þessar fasteignir hafi verið í eigu Vöruveltunnar hf. að undanskildum Engihjalla 8. Grétar segir að líklega hafi allar þessar fasteignir verið fjármagnaðar af Lýsingu hf. með kaupleigusamningum, nema Suðurlandsbraut 48, sem þá hafi verið í eigu Vöruveltunnar hf. Grétar segir að Lýsing hf. hafi því verið þinglýstur eigandi þeirra fasteigna sem fjármagnaðir voru með kaupleigusamningum. Grétar segir að fasteign að Engihjalla 8 hafi verið keypt í desember 1998, sem áður segir af félagi í eigu Róberts Árna Hreiðarssonar, lögmanns.

Grétar segir að hann hafi hvergi komið að því að ákvarða kaupverð á þessum fasteignum eða verðmeta þær. Hins vegar muni hann til þess að hafa leitað til Lýsingu hf. vegna yfirtöku á fjármögnunarleigusamningum.

Aðspurður segir Grétar að hann muni að á þessum tíma hafi Eiríkur Sigurðsson verið nýbúinn að kaupa Grímsbæ. Grétar segir að hann muni ekki hvenær afhending þeirrar fasteignar hafi farið fram.

Kaup fasteigna til Litla fasteignafélagsins ehf.

Grétari er sýnt afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107376 vegna fasteignarinnar að **Langarima 21-23**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 106670 vegna fasteignarinnar að **Laugalæk 2**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107044 vegna fasteignarinnar að **Sporhömrum 3**, dags. 25. febrúar 1999 og afrit af fyrningarskýrslu 1998 fyrir Litla fasteignafélagið ehf. – úr skattframtali 1998. Allir gerningarnir eru undirritaðir af Grétari Haraldssyni og Sólveigu Theodórsdóttur f. h. Litla fasteignafélagsins; af Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni f. h. Tíu ellefu hf. og Eiríki Sigurðssyni og Birni Árnasyni f. h. Vöruveltunnar hf. Samhliða þessum gögnum er Grétari sýndur afritaður tölvupóstur með yfirskriftinni „Fasteignir“ milli Halldórs Jónssonar, Tryggva Jónssonar og Runólfs Þórs Runólfssonar, dags. 21. október 1999 kl. 16:05 og milli Tryggva Jónssonar og Kristínar Jóhannesdóttur, dags. 28. október 1999 kl. 14:38, 16:05 og 16:25, ásamt meðfylgjandi drögum að tveimur kaupsamningum vegna Litla fasteignafélagsins sem send voru með viðhengjum. Kaupsamningsdrög vegna kaupa Litla fasteignafélagsins ehf. á fasteignum Vöruveltunnar hf. voru einnig send með viðhengi tölvupósts með yfirskriftinni „Afsal“, frá Hafsteini Sæmundssyni til Tryggva Jónssonar, dags. 24. ágúst 1999 kl. 13:44.

- Skjöl málsins nr. II/50.17.3 til II/50.17.7, II/50.23.3 og II/50.23.5

Samkvæmt téðum gögnum og kaupsamningsdrögum hefur Litla fasteignafélagið ehf. keypt fasteignir frá Vöruveltunni hf. fyrir samtals kr. 217.100.000 ásamt yfirfærslu réttinda skv. fjármögnunarleigusamningum seljanda við Lýsingu hf., en umræddar fasteignir voru Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langarimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er grunur um að söluverð til Litla fasteignafélagsins ehf. hafi miðast við bókfært verð, sbr. tölvupóstskeyti Tryggva Jónssonar til Kristínar Jóhannesdóttur, dags. 28. október 1999 kl. 16:25, en þar segir eftirfarandi:

- Skjal málsins nr. II/50.23.5

Þegar LF keypti þá var stuðst við bókfært verð. Þegar Stoðir keypti þá var stuðst við leigu í 8,5 ár. Leigufjárhæðir komu frá JAJ

Grétar er spurður hvort hann hafi vitneskju um þetta.

Grétar segir að hann hafi hvergi komið nærri þessu; hvorki að ákvarða verð eða gera kaupsamninga. Grétar segir hins vegar að hann hafi sem áður segir samið við Lýsingu hf. að Litla fasteignafélagið yfirtæki skuldbindingar Vöruveltunnar hf. vegna ákveðinna fasteigna. Aðspurður segir Grétar að hann telji að þetta hafi alfarið verið í höndum Tryggva Jónssonar að ákvarða um þetta.

Aðspurður segir Grétar að hann hafi ekki vitneskju um hvernig uppgjöri milli Litla fasteignafélagins og Vöruveltunnar hf. hafi verið háttáð vegna þessara viðskipta.

Sala fasteigna frá Litla fasteignafélaginu ehf. til Fasteignafélagsins Stoða hf.

Grétari er sýnt afrit af samkomulagi Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107376 vegna fasteignarinnar að **Langarima 21-23**, dags. 1. nóvember 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 106670 vegna fasteignarinnar að **Laugalæk 2**, dags. 1. nóvember 1999 og afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107044 vegna fasteignarinnar að **Sporhömrum 3**, dags. 1. nóvember 1999. Samhliða þessum gögnum er Grétari sýndur afritaður tölvupóstur með yfirskriftinni „Fasteignir“ milli Halldórs Jónssonar, Tryggva Jónssonar og Runólfs Þórs Runólfssonar, dags. 21. október 1999 kl. 16:05 og milli Tryggva Jónssonar og Kristínar Jóhannesdóttur, dags. 28. október 1999 kl. 14:38, 16:05 og 16:25, ásamt meðfylgjandi drögum að tveimur kaupsamningum vegna Litla fasteignafélagsins sem send voru með viðhengjum.

- Skjöl málsins nr. II/50.18.2 til II/50.18.4 og II/50.23.5

Grétari er enn fremur sýnt afrit af kaupsamningi milli Fasteignafélagsins Stoða hf. (kaupandi) og Litla fasteignafélagsins ehf. (seljandi) um yfirlæsi eignarréttar fasteigna að Barónstíg 2, Engihjalla 8, Suðurlandsbraut 48, Laugalæk 2, Sporhamra 3, Langarima 21-23 og Efstaland 26, dags. 1. júní 1999. Samkvæmt umræddum samningi hefur Fasteignafélagið Stoðir hf. keypt fasteignir frá Litla fasteignafélaginu ehf. fyrir samtals kr. 604.554.000, en þar af eru fasteignir er áður voru í eigu Vöruveltunnar hf. metnar á kr. 357.204.000 ásamt yfirlæsi réttinda skv. fjármögnunarleigusamningum seljanda við Lýsingu hf. Umræddar fasteignir voru Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langarimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er grunur um að verðið hafi miðast við leigu í átta og hálf ár, sbr. tölvupóstskeyti Tryggva Jónssonar til Kristínar Jóhannesdóttur, dags. 28. október 1999 kl. 16:25, en þar segir eftirfarandi:

- Skjöl málsins nr. II/50.18.1 og II/50.23.5

Þegar LF keypti þá var stuðst við bóksfært verð. Þegar Stoðir keypti þá var stuðst við leigu í 8,5 ár. Leigufjárhæðir komu frá JAJ

Grétar er spurður hvort hann hafi haft einhverja vitneskju um þetta eða einhverja aðkomu.

Grétar segir að honum hafi verið þetta ókunnugt. Grétar segir að búið hafi verið að taka Litla fasteignafélagið af honum þegar þetta hafi átt sér stað og hann hafi aldrei haft nokkra aðkomu að Fasteignafélaginu Stoðum hf.

Aðspurður segir Grétar að hann hafi enga vitneskju haft um hvernig uppgjöri milli Litla fasteignafélagsins og Fasteignafélagsins Stoða hf. hafi verið háttáð.

Grétar er spurður að lokum hvort hann vilji taka eitthvað sérstaklega fram eða koma á framfæri einhverjum ábendingum eða athugasemdum.

Grétar segir að hann vilji áréttta að sambýliskona hans, Sólveg Theodórsdóttir, hafi eingöngu komið inn í ferli varðandi Litla fasteignafélagið ehf. fyrir hans orð og á engan hátt haft aðkomu að stofnun og rekstri félagsins.


Grétar hefur lesið skýrsluna yfir. Hann telur skýrsluna rétt bókaða og engu við að bæta.

Yfirheyrslu og yfirllestri skýrslu lokið laugardaginn 4. júní 2005 kl. 14⁵⁵


Yfirlesið staðfest rétt

Skýrslu gerir


Grétar Haraldsson


Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi

Viðstaddur og þátttakandi við yfirheyrslu


Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi